

Óttast frekari ágjöf á byggðir á Austfjörðum

Loðnubresturinn er gríðarlegt áfall fyrir bæjarsjóði sveitarfélaga á Austfjörðum. Hægt verður á framkvæmdum. Mörg hundruð manns verða af vertíðarvinnu. Austfirðingar óttast frekari áföll.

SJÁVARÚTVEGUR „Nú er ljóst að loðnan kemur ekki og enn eru blikur á lofti og við eigum enn eftir að sjá hvort frekari áföll dynja yfir okkur. Við vitum ekki hvort verkföll skelli á og óvissa ríkir um kolmunnaveiðarnar og hvort hlutdeild okkar í þeim minnki en það á enn eftir að semja um þær við Færeyinga,“ segir Karl Óttar Pétursson, bæjarstjóri Fjarðabyggðar.

Hafrannsóknastofnun hefur ákveðið að leggja ekki til að aflaheimildir verði gefnar út fyrir loðnu að sinni en loðna hefur ekki fundist þrátt fyrir 100 daga leit.

Karl Óttar segir höggið sem loðnubresturinn valdi gríðarlegt fyrir sveitarfélagið. Reynt verði að standa vörð um grunnþjónustu en hægja verði á framkvæmdum í sveitarfélaginu. A-hluti bæjarsjóðs verði af 260 milljónum vegna brestsins en tekjumissir hafnar-sjóðs verði um 100 milljónir.

Við eigum eftir að fara yfir þetta og hvað við gerum varðandi A-hlutann; rekstur á skólum, félagsþjónustu og ýmsar framkvæmdir í sveitarfélaginu. Við minnkum auðvitað ekki skólana. Þeir eru bara fóst stærð,“ segir Karl. Hann segir líklegast að reynt verði að hægja á ýmsum framkvæmdum. „Við höfum enn ekki ákveðið að stöðva byggingu nýs leikskóla sem hafin er á Reyðarfirði. Vonandi kemur ekki til þess.“

Í frétt á vef Fjarðabyggðar kemur fram að launatekjur í sveitarfélaginu muni lækka um rúman milljarð vegna loðnubrestsins og laun starfsmanna í sjávarútvegi muni



Við minnkum auðvitað ekki skólana. Þeir eru bara fóst stærð.

Karl Óttar Pétursson, bæjarstjóri Fjarðabyggðar.

lækka um 13% frá fyrra ári miðað við lítt breytta loðnuvertíð á milli ára. Þá verði samfélagið af um 10 milljörðum í útflutningstekjur.

„Þetta hefur auðvitað mikil áhrif á samfélagin. Bæði fyrir þá sem vinna við veiðarnar og vinnsluna og svo bara á allt samfélagið þar sem þessi vinnsla hefur farið fram,“ segir Hjördis Þóra Sigurþórsdóttir, formaður Afls starfsgreinafélags Austurlands. Áfallið og fjárhagskaðinn sé mikill fyrir hafnirnar og svo smiti skaðinn frá sér út í samfélagið.

Loðnuvertíðin stendur jafnan í átta til níu vikur og meðan á henni stendur hafi mörg hundruð manns af henni atvinnu. Unnið sé á sólarhringsvöktum í sjö helstu byggðarlögum á starfssvæði félagsins; Hornafirði, Fáskrúðsfirði, Eskifirði, Neskaupstað, Vopnafirði og Seyðisfirði.

„Ég myndi skjóta á að þetta væru ekki færri en 500 manns í landvinnslunni og svo sjómenn á um það bil tíu skipum. Þetta er mjög mikið áfall fyrir svæðið allt,“ segir Hjördis. —aa



Hópur flóttafólks og stuðningsmanna kom saman í tjaldi á Austurvelli og skrifaði bréf til forsætis- og dómsmálaráðherra. Kröfur hópsins eru meðal annars þær að gera hælisleitendum auðveldara að fá leyfi til að lifa og starfa hér á landi. Þá hafa þeir mótmælt aðstöðu hælisleitenda og flóttafólks á Ásbrú. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

Dómur MDE á þingi í dag

DÓMSTÓLAR Viðbrögð stjórnvalda við dómi Mannréttindadómstóls Evrópu (MDE) í Landsréttarmálinu verða eina dagskrármálið á fundi Alþingis í dag. Um munnlega skýrslu forsætisráðherra er að ræða.

Frá því að MDE komst að því að skipan dómara í Landsrétt hefði ekki verið í samræmi við 6. gr. Mannréttindasáttmálans hefur mikil umræða verið um hvernig sé rétt að bregðast við dómnum. Afhálfu ríkisstjórnarinnar hefur komið fram vilji til að kæra málið áfram til yfirdeildar MDE. Aðrir vilja una dómnum og



grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir frekari réttaróvissu.

„Það eru hagsmunir almennings í landinu að dómskerfið starfi með eðlilegum hætti og að hinn nýi áfrýjunardómstóll, Landsréttur, hangi ekki í lausu lofti.

Áfrýjun til yfirdeildar gerir ekkert annað en fram- lengja óvissuna og magna upp það hörmungarástand sem skapast hefur,“ segir Sveinn Andri Sveinsson lögmaður í aðsendri grein í blaðinu í dag. —jóe / sjá síðu 14

- 11 KR .

- 09 KR .

- 07 KR .

Nú eru allar 55 stöðvar Orkunnar þínar stöðvar.

ORKAN

Fermingarskraut!

Finndu okkur á

PARTÝBÚÐIN

Faxafeni 11 • Sími 534 0534

AUSTURBÆR

VIÐBURDAHÚS

ALLT AÐ


500 GESTA

BORÐHALD

1.000 GESTA

STANDANDI VEISLUR

518 4000 / info@tales.is



S 5-13 m/s en hægt vaxandi SA-átt suðvestantil. Sunnan 8-13 undir miðnætti og bætir í úrkomu á Suður- og Vesturlandi.
SJÁ SIÐU 20



Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR.

Verkefnið ekki óyfirstíganlegt

KJARAMÁL VR vill leita allra leiða til að forðast verkföll. Deilan við Samtök atvinnulífsins (SA) sé vel leysanleg en boltinn sé sem stendur hjá viðsejendum þeirra. Þetta segir Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR.

„Við köstuðum boltanum út í liðinni viku og vonumst eftir því að komast aftur að borðinu en það er undir SA komið hvenær það getur orðið. Það er ofboðslega knappur tími til stefnu og ef menn ætla að forða verkföllum þá þarf að setjast niður,“ segir Ragnar Þór.

Ég leyfi mér að vona, þó staðan sé svört, að þetta fari eins og árið 2015. Þá var þetta klárað á þremur dögum.

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR

Atkvæðagreiðslu um verkfallsboðun í hópferðafyrirtækjum á félagssvæði VR, svo og í gistiþjónustu á höfuðborgarsvæðinu og Hveragerði, lauk á þriðjudag. Rétt rúmur meirihluti samþykkti boðunina. Ragnar Þór segir að sem stendur stoppi allt á vinnutímabreytingum sem SA hefur lagt til.

„Ég leyfi mér að vona, þó staðan sé svört, að þetta fari eins og árið 2015. Þá var þetta klárað á þremur dögum þegar menn voru tilbúnir að taka stöðuna alvarlega, setjast niður og semja. Það blasir við mér að þetta er leysanlegt verkefni og samningsvilji er sannarlega til staðar,“ segir Ragnar Þór. – jõe

Besti vinur mannsins



Hugtakið „besti vinur mannsins“ sannaði sig enn og aftur í gær, en mikið var um dýrðir á hundasýningu Hundaræktendafélags Íslands og Garðheima. Fólki og ferfætlingar nutu samverunnar og félagsskaparins. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

FRÉTTABLAÐIÐ Fleiri ljósmyndir er að finna á +Plússíðu Fréttablaðsins. Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.



Þorramatur þykir mörgum lostæti. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Aðeins lögráða inn á þorrablot

SKAGAFJÖRÐUR Forvarnarteymi Sveitarfélagsins Skagafjarðar hefur óskað eftir því við Sveitarfélagið Skagafjörð að það beiti sér fyrir því að þorrablot sem haldin eru í húsnæði í eigu sveitarfélagsins séu aðeins ætluð einstaklingum sem orðnir eru lögráða.

Félags- og tómstundanevnd sagðist taka undir þetta sjónarmið og nú hefur sveitarstjórnin sjálf gert það sömuleiðis. Má því reikna með að í framtíðinni verði engir undir átján ára á þorrablotum sem haldin eru í húsnæði í eigu Sveitarfélagsins Skagafjarðar. – gar

Vigdís óttast geislun af mastri á Úlfarsfelli

Meirihlutinn í borgarráði Reykjavíkur fagnar því að fjarskiptaþjónusta verði loks tryggð með fullnægjandi hætti með nýju deiliskipulagi á Úlfarsfelli. Fulltrúi Miðflokksins óttast áhrif geislunar á íbúa í nágrenninu. Meirihlutinn vísar á bug „hræðsluáróðri, rangfærslum og dylgjum“.

SKIPULAGSMÁL Vigdís Hauksdóttir, borgarfulltrúi Miðflokksins, vill að fjarskiptabúnaður sem settur hafi verið upp í óleyfi á Úlfarsfelli „verði fjarlægður tafarlaust“.

Borgarráð tók fyrir á fimmtudag tillögu borgarinnar og fyrirtækisins Sýnar að deiliskipulagi fyrir 1,3 hektara svæði á toppi Úlfarsfells vegna 50 metra hárs fjarskiptamasturs fyrir loftnet og tækniskýli með útsýnispalli.

Vigdís Hauksdóttir bókaði að Miðflokkurinn legðist alfarið gegn þessum framkvæmdum „á einum vinsælasta útsýnisstað borgarinnar“.

Að sögn Vigdísar hefur Reykjavíkurborg gengið hart fram í málinu og þvert gegn vilja íbúa Úlfarsárdals, Grafarholts sem og íbúa borgarinnar almennt. „Að reisa 50 metra hátt stálmastur hlaðið tækjabúnaði sem sendir frá sér slíka geislun að búnaðurinn var tekinn niður í Kópavogi vegna nálægðar við íbúahverfi er forkastanlegt. Að ætla sér að færa vandann yfir á íbúa Reykjavíkur er ekki lausn. Það er ósvífni,“ bókaði Vigdís. Um væri að ræða hagsmuni



Mjög vinsæl gönguleið er upp á Úlfarsfelli. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Að ætla sér að færa vandann yfir á íbúa Reykjavíkur er ekki lausn. Það er ósvífni.

Vigdís Hauksdóttir, borgarfulltrúi Miðflokksins



einkafyrirtækis en ekki íbúa.

„Þessari aðför verður að ljúka hér og sú gríðarlega andstaða sem fram kemur í aðsendum athugasemdum í kjölfar auglýsingar um fyrirhugaðar framkvæmdir verði virt,“ segir áfram í bókun Vigdísar.

Borgarráðsfulltrúar meirihlutflokka Samfylkingarinnar, Vindreisnar, Pírata og Vinstri grænna bókuðu hins vegar að mikið hafi farið fyrir hræðsluáróðri og rangfærslum í tengslum við málið. „Er slíkum dylgjum og rangfærslum

vísad á bug,“ bókaði meirihlutinn og kvað staðreyndir tala sínu máli. Toppur Úlfarsfells sé góð staðsetning fyrir umræddan búnað og Skipulagsstofnun segi áætlanir um útsýnispall og notkun náttúrulegs efnis mikilvæga áherslu á útivistargildi svæðisins.

„Þá skal ítrekað að rannsóknir sýna að geislun frá mastri af þessu tagi eru langt undir öllum viðmiðunarmörkum og af þeim stafar engin heilsufarsógn,“ bókuðu meirihlutfulltrúarnir og sögðust „fagna því að loks verði fullnægjandi útvarps- og fjarskiptaþjónusta á höfuðborgarsvæðinu tryggð með nýju mastri“.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sátu hjá við afgreiðslu málsins en lögðu fram bókun ásamt áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins: „Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á að vernda græn svæði eins og kostur er og hlúa að útivistarsvæðum. Úlfarsfellið er eitt mest vaxandi göngusvæði borgarbúa og aðdráttarfl útivistarfólks.“ gar@frettabladid.is

Er jeppinn rafmagnslaus?



Veldu öruggt **TUDOR** start fyrir jeppann í vetur



Mælum • Skiptum • Traust og fagleg þjónusta

SKORRI

TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM **TUDOR**

Skorri ehf • Bildshöfði 12 • 110 Rvk • 577-1515 • www.skorri.is



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

LAND CRUISER ADVENTURE

aukahlutapakki að verðmæti 660.000 kr. fylgir



Verð frá: 8.150.000 kr.

Konungur jeppanna er aftur mættur til leiks í nýrri og veglegri sérútgáfu, Land Cruiser Adventure með fjallmyndarlegum aukahlutapakka sem toppar allt og tveggja ára þjónustupakka í kaupbæti.

Land Cruiser Adventure aukahlutapakki: 33" breyting, dráttarbeisli, húddhlíf og krómstútur á púst.
Heildarverðmæti: 660.000 kr.

2 ára þjónustupakki fylgir með nýjum Land Cruiser viðskiptavinum að kostnaðarlausu

Nú er 7 ára ábyrgð á öllum nýjum Toyota bifreiðum



UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19

Toyota Selfossi
Fossnesi 14

Adventure-pakkinn fylgir ekki með öðrum tilboðum. Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

Prófessor greiði skatt af kennslu á Indlandi þar og hér heima

SKATTAR Maður sem starfaði sem gestaprófessor í Indlandi árið 2017 þarf að greiða skatta af tekjum sínum vegna starfsins bæði þar ytra og hér heima. Þetta er niðurstaða yfirséðanefndar (YSKN).

Maðurinn starfaði sem gestaprófessor, þó sem launamaður, erlendis hluta ársins 2017. Vegna þessa taldi hann fram á skattframtali sínu tekjur upp á rúmlega 10 milljónir króna. Bættust þær við tæplega 18,5 milljónir sem hann hafði hér heima.

Kennarinn gaf tekjur sínar upp erlendis og greiddi þar af þeim skatt. Taldi hann að þar sem í gildi væri tvísköttunarsamningur milli Íslands og Indlands bæri honum ekki að greiða skatt af þeim aftur hér á landi. Ríkisskattstjóri (RSK) taldi á móti að ekki bæri að greiða skatt af þeim erlendis heldur skyldu þær skattlagðar hér heima þar sem viðkomandi hefði skattalega heimilisfesti á Íslandi.

YSKN staðfesti niðurstöðu RSK með þeirri athugasemd að skattaleg

meðferð ytra gæti ekki haft áhrif hér heima. Tvísköttunarsamningurinn hefði þó að geyma sérstök úrræði ef hann telur skattlagningu ekki í samræmi við samninginn. Geti gjaldandi þá lagt málið fyrir bært stjórnvald í því samningsríki þar sem hann er heimilisfastur. Leysi bært stjórnvald ekki úr málinu á viðunandi hátt skuli leitast við að leysa málið með samkomulagi við bært stjórnvald í hinu samningsríkinu. – jõe



Slíta viðræðum ef ekkert þokast

KJARAMÁL „Ég vænti góðs samtals um helgina en það hefur enn ekki komið,“ segir Björn Snæbjörnsson, formaður Starfsgreinasambandsins (SGS).

Fyrir helgi samþykktu sextán aðildarfélög SGS að slíta formlega viðræðum við Samtök atvinnulífsins (SA) ef ekkert nýtt kæmi frá SA um helgina. Samningsaðilar funda hjá ríkissáttasemjara klukkan ellefu í dag. Ef engin breyting verður á stöðunni þar verður viðræðunum slitið.

„Það er ekki kominn samningur fyrr en það er kominn samningur. Það eru nokkur atriði sem hafa ekki gengið upp og það getur oft verið erfitt þó menn haldi að það sé lítið eftir til að ná landi,“ segir Björn. Málið sem út af stendur eru vinnutímatillögur SA að sögn Björns.

„Stundum eru menn við það að handsala samkomulagið og þá getur allt hrunið. Oft veltir lítil þúfa þungu hlassi svo það er ekki hægt að segja hvort þetta er alveg að koma eður ei,“ segir Björn. – jõe

LEIÐRÉTTING

Á síðu fjögur í helgarblaði Fréttablaðsins 16. mars var prentuð mynd af Bjarna Jónssyni, stjórnarformanni Íslandspósts, í stað myndar af Ingimundi Sigurpálssyni, fráfarandi forstjóra fyrirtækisins. Beðist er velvirðingar á þessum leiðu mistökum.

FRÉTTABLAÐIÐ

Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á www.frettabladid.is/nyskraning. Það kostar ekkert.

Rekstur hótela í járnum þó ekki komi til launahækkana

Viðbendingar um að ferðamönnum fækki og nýting á hótellherbergjum dragist saman, samkvæmt skoðun Viðskiptaráðs. Miklar launahækkningar gætu haft þverfug áhrif á það sem stefnt er að.

KJARAMÁL Of miklar launahækkningar í ferðaþjónustu og hótellrekstri gætu haft þverfug áhrif miðað við það sem forystufólk verkalyðsfélanna stefnir að. Séu rekstrarupplýsingar hótela, sem fyrirhugaðar verkfallsaðgerðir beinast gegn, skoðaðar bendi ýmislegt til þess að hann gæti verið í járnum þó ekki komi til launahækkana. Þetta er meðal þess sem kemur fram í nýbirttri skoðun Viðskiptaráðs sem ber heitið Velmegunarkýrin leidd til slátrunar.

„Ef ferðaþjónustan í heild er skoðuð þá hefur hluti launþega, af því sem er til skiptanna, aukist mun meira en það sem fer til lánveitenda og eigenda. Séu aðeins hótelin skoðuð þá er skiptingin nokkuð jöfn,“ segir Konráð Guðjónsson, hagfræðingur Viðskiptaráðs.

Hagfræðingurinn bendir á að viðbendingar séu á lofti um að það muni harðna á dalnum í ár hjá ferðaþjónustufyrirtækjum.

„Við sjáum ekki betur en svo að rekstur hótela verði í járnum jafnvel þótt það verði engar launahækkningar. Framtíðin er auðvitað óvissu háð svo við setjum upp nokkrar sviðsmyndir. Af þeim að dæma er mjög líklegt að það verði taprekstur og í sumum sviðsmyndanna það mikill taprekstur að grípa þarf til aðgerða. Á mannamáli þýðir



Viðskiptaráð segir viðbendingar um að harðna muni á dalnum í ár hjá ferðaþjónustunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Leiðin sem verkalyðsforystan leggur til er ekki aðeins óvænleg til árangurs heldur gæti hún jafnvel skaðað lífsskjör

Konráð Guðjónsson, hagfræðingur Viðskiptaráðs

það að störf tapist,“ segir Konráð.

Mikilvægt sé að hafa í huga að ferðaþjónustan er útflutningsgrein. Lífsgæði hér á landi hangi saman við útflutning þjóðarinnar. Forsenda þess að unnt sé að flytja inn vörur sé að eitthvað sé flutt út á móti.

„Ef hér verða launahækkningar sem útflutningsgreinar standa ekki undir þá er ég ekki viss um að gengið verði fellt líkt og áður. Seðlabanki Íslands starfar eftir lögbundnu verðbólguþolmiði. Mig grunar að bankinn myndi halda aftur af gengisveikingu með sölu á hluta gjaldeyrisfordans. Þá er hættan hreinlega sú að hér skapist atvinnuleysi,“ segir Konráð.

Konráð segir að allir séu sammála um að keppikeflið sé að bæta kjör landsmanna og þá sérstaklega hjá þeim sem lægst launin hafa. Launahækkningar umfram verðmætasköpun séu aftur á móti ekki leiðin til þess. Hins vegar sé mögu-

legt að auka framboð á húsnæði auk þess sem sveitarfélög gætu komið til móts við almenning og fyrirtæki með lækkuð fasteignagjalda. Hlutur ríkisins gæti á móti miðað að því að lækka tryggingagjaldið, auka stuðning við barnafjölskyldur, auka veg nýsköpunar og plægja akurinn fyrir lækkuð vaxta svo nokkur dæmi séu tekin.

„Leiðin sem verkalyðsforystan leggur til er ekki aðeins óvænleg til árangurs heldur gæti hún jafnvel skaðað lífsskjör, sérstaklega hjá þeim sem lægst launin hafa, ef atvinnuleysi fer á flug,“ segir Konráð.

joli@frettabladid.is

RAM 3500 - HÖRKUTÓL SEM ENDIST

ramisland.is



35" - 37" BREYTTUR



40" - 42" BREYTTUR

EIGUM ÖRFÁA BÍLA TIL AFGREIÐSLU STRAX. BJÓÐUM UPP Á 35" TIL 42" BREYTINGAPAKKA.

ÍSABAND
ÍSLENSK-BANDARISKA EHF. BÍLAUMBOD

UMBODSADILI RAM TRUCKS Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

RAM
UMBODSADILI RAM Á ÍSLANDI



FRUMSÝNUM SENDIBÍL ÁRSINS 2019



Citroën Berlingo Van er tímamótabíll í farsælli sendibílasögu Citroën. Hann hefur þegar unnið verðlaunin sendibíll ársins 2019 sem segir allt um framúrskarandi gæði Citroën.



NÝR CITROËN BERLINGO VAN

Öflugar 100 eða 130 hestafla vélar
Tvær lengdir, allt að 3,9 rúmmetrar
Sjálfskiptur eða Beinskiptur
2ja eða 3ja sæta
Opnanlegt þil til að flytja lengri hluti
Nálægðarskynjarar að aftan
Bluetooth snjallsímatenging
Rennihurðar á báðum hliðum
Tvær útgáfur Classic og Professional

VERÐ FRÁ:

2.990.000 KR.

ÉÐA 2.411.000 KR. ÁN VSK

KOMDU OG PRÓFAÐU NÝJAN CITROËN
BERLINGO VAN MEÐ KRAFTMIKILLI VÉL OG NÝJUSTU
KYNSLÓÐ 8 ÞREPA SJÁLFSKIPTINGAR. NÝR BERLINGO
TEKUR STÖKK HVAD VARDAR ÞÆGINDI, TÆKNI,
INNRETTINGAR OG AKSTURSEIGINLEIKA

KYNNTU ÞÉR ÖRUGG GÆÐI CITROËN!

citroen.is


Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 8
Sími 515 7040

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Sölueldir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16


Öruggur staður til að vera á

+PLÚS



Allir fóru í hundana

Stórhundakynning Garðheima og Hundaræktarfélags Íslands fór fram um helgina. Þar gat að líta margar tegundir stórhunda eins og Boxer, Finnish Lapphund, Berner Sennen og marga fleiri. Börn og fullorðnir höfðu gaman af.



Þessir síðhærðu vinir léku á als oddi.



Margt var um manninn á hundasýningunni, eins og venjan er þegar slíkir viðburðir eru haldnir.

Dýrast að eyða helgi í Reykjavík af öllum höfuðborgum Evrópu

NEYTENDUR Reykjavík er dýrasta ferðamannaborg Evrópu samkvæmt árlegri verðkönnun bresku pósthjónustunnar. Samkvæmt úttektinni kostar helgi í höfuðborginni um 463 pund eða rétt tæpar 72 þúsund krónur.

Breska pósthjónustan tekur á hverju ári saman kostnaðinn við að eyða einni helgi í tilteknum borgum

» Ódýrasta borgin þetta árið er höfuðborg Litháens, Vilnius

í Evrópu. Reiknaðir eru saman nokkrir þættir sem endurspeglar verðið á húsnæði, samgöngum og fæði ásamt aðgangi í helstu söfn.

Ódýrasta borgin þetta árið er

Helgarfrið kostar mismikið í Evrópu

Fimm dýrustu borgirnar:

1. Reykjavík - 71.936 kr.
2. Amsterdam - 69.087 kr.
3. Ósló - 69.058 kr.
4. Helsinki - 68.412 kr.
5. Kaupmannahöfn - 63.951 kr.

Fimm ódýrustu borgirnar:

1. Vilnius - 22.913 kr.
2. Belgrad - 23.569 kr.
3. Varsjá - 24.934 kr.
4. Ístanbúl - 25.942 kr.
5. Búkarest - 26.084 kr.

höfuðborg Litháens, Vilnius, en borgaryfirvöld hafa lagt mikið upp úr því að fá til sín ferðamenn. Fóru þau nýverið í kynningaherferð fyrir borgina sem vakti athygli, en þar er borgin markaðssett sem G-blettur Evrópu. „Enginn veit hvar hún er, en þegar þú finnur hana er hún frábær,” segir slagorð kynningarherferðarinnar. –jmt



Vél Ethiopian Airlines fórst fyrir viku. NORDICPHOTOS/GETTY

Augljós líkindi með báðum slysum

FLUGMÁL Gögn úr flugrita 737 MAX 8 flugvél Ethiopian Airlines, sem fórst fyrir viku, benda til þess að líkindi séu með flugslysi við stendur Indónesíu í október á síðasta ári. Samgöngumálaráðherra Eþíópíu greindi frá þessu í gær.

Alls fórust 157 í mannskæðu flugslysi í Eþíópíu fyrir viku. Um var að ræða annað flugslys 737 MAX 8 vélar á innan við hálfu ári, en í októberlok á síðasta ári fórst vél flugfélagsins Lion Air með þeim afleiðingum að 189 létust. Í kjölfarið kyrrsetti fjöldi flugfélaga og flugmálayfirvalda um heim allan vélarnar, eða tóku þær tíma bundið úr rekstri. Ícelandair greindi frá því á þriðjudaginn að félagið hefði tekið vélarnar úr rekstri um óákveðinn tíma.

Samgönguráðherra sagði að við fyrstu skoðun á gögnum flugritans hefði verið tekið eftir augljósum líkindum milli flugslysanna tveggja. Gögnin bendi til þess að flughæð vélanna hafi sveiflast hratt. The Seattle Times greindi frá því í gær að bandarísk flugmálayfirvöld hefðu gefið út að öryggisúttekt flugvélaframleiðandans Boeing á flugstjórnarkerfi MAX-farþegaþotanna hafi haft nokkra alvarlega galla. –bsp

Rekstur lögregluþjónustunnar í ólestri og sligi sum embættin

Óánægja hjá lögregluumdæmum landsins með rekstur Bilamiðstöðvar ríkislögreglustjóra, sem átti að auka hagkvæmni í rekstri lögregluþjónustunnar. Það hafi snúist upp í andhverfu sína. Verst sé staðan hjá minni embættunum þar sem um er að ræða langstærsta útgjaldaliðinn, að frátöldum launakostnaði.

LÖGREGLUMÁL Mikillar óánægju gæta hjá lögregluumdæmum landsins með rekstur Bilamiðstöðvar ríkislögreglustjóra. Bilamiðstöðin hefur verið starfrækt hjá embættinu frá aldamótum og hafði það að markmiði að auka hagkvæmni með sameiginlegum rekstri bílaflorens fyrir allt landið. Það markmið mun hafa snúist upp í andhverfu sína og leiguverðið sem embættin greiði fyrir bílana hafi hækkað svo úr hófi að ekkert samræmi sé lengur milli raun- og rekstrarkostnaðar og fjárhæðanna sem renni til Bilamiðstöðvarinnar frá lögregluembættunum. Hjá minni embættunum sé um langstærsta útgjaldaliðinn að ræða, að frátöldum launakostnaði.

Rekstur bílaflorens er nú til skoðunar hjá starfshópi sem ríkislögreglustjóri hefur sett saman. Í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins segir Haraldur Jóhannesson ríkislögreglustjóri að vinnunni sé ekki lokið og úttekt ekki fyrirbyggjandi.



Haraldur Jóhannesson ríkislögreglustjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Stefnt sé að því að vinnunni ljúki á vormánuðum. Í starfshópnum sitja yfir lögregluþjónar af landinu öllu undir formennsku fulltrúa ríkislögreglustjóra.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins liggur fyrir úttekt

á rekstri Bilamiðstöðvarinnar sem sýnir að málin eru í algerum ólestri. Með úttektinni fylgir tillaga að framtíðarfyrirkomulagi og hefur hún verið kynnt fyrir lögreglustjórum allra lögregluumdæma.

Aðeins yfir lögregluþjónar og lögreglustjórar hafa úttektina undir höndum og halda henni þétt að sér. Málið er sagt á viðkvæmu stigi og ljóst er að nokkur titringur er innan lögreglunnar vegna málsins. Heim-

» Málið er sagt á viðkvæmu stigi og ljóst er að nokkur titringur er innan lögreglunnar.

ildarmenn blaðsins segja fullvíst að rekstri Bilamiðstöðvar ríkislögreglustjóra verði hætt. Finna verði nýtt fyrirkomulag fyrir reksturinn, enda sé orðið ódýrara fyrir lögregluembættin að vera á bílaleigubílum en eigin bílum.

Samkvæmt heimildarmönnum blaðsins hefur hallarekstri á Bilamiðstöðinni á undanförunum árum verið varpað á embættin öll og hefur til dæmis haft þau áhrif sumstaðar að hámark hefur verið sett á leyfilegan akstur lögreglubíla – slíkt hafi bein áhrif á störf lögreglunnar.

Þá herma heimildir blaðsins að rekstur Bilamiðstöðvarinnar sé ekki aðgreindur frá öðrum rekstri ríkislögreglustjóra og því ekki hlaupið að því að fá skýra yfirsýn yfir reksturinn.

Mun óánægja lögreglustjóra og yfir lögregluþjóna um landið lúta annars vegar að því að fjárhæðirnar sem lögregluumdæmin greiða fyrir leigu á bílum sé ekki í samræmi við raunkostnað og rekstur bílanna og hins vegar gangi seint og illa að fá bíla endurnýjaða, þrátt fyrir háar fjárhæðir sem renni frá embættunum til ríkislögreglustjóra og embættin þurfi að notast við bæði gamla og mikið ekna bíla.

adalheidur@frettabladid.is

Frjálslynd hlaut felst atkvæði

SLÓVAKÍA Zuzana Caputova hlaut flest atkvæði í fyrri umferð forsetakosninga í Slóvakíu um helgina. Síðari umferðin fer fram 30. mars.

Caputova, sem hefur enga reynslu úr opinbera geiranum, hlaut 40,5 prósent atkvæða. Maros Sefcovic, frambjóðandi Smer flokksins sem fer fyrir ríkisstjórn, fékk 18,7 prósent.

Líklegt þykir að Caputova muni bera sigur úr þýtum. Hún tilheyrir frjálslyndum, Evrópusinnuðum flokki. Sá á sem stendur engan þingmann á slóvakíska þinginu. Viða í Austur-Evrópu hefur almenningur heldur hallast í átt að þjóðernissinnuðum flokkum.

Embætti forseta er að mestu táknrænt í Slóvakíu en þó hefur hann neitunarvald við skipun saksóknara og dómara. Réttarkerfið í landinu er spillt og Caputova lofað að skera upp herör gegn spillingu. –joe

EES Í ALDARFJÓRDUNG

Frjáls samkeppni

OPINN FUNDUR

Þriðjudaginn 19. mars
Kl. 12.10-12.45
Háskólinn í Reykjavík
Stofa M209

EES-samningurinn hefur haft ómæld áhrif á íslenska löggjöf; réttindi og skyldur ríkis, fyrirtækja og einstaklinga - umgjörð alls samfélagsins. Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, mun fara yfir þýðingu samningsins fyrir beitingu samkeppnisreglna og samkeppnishæfni Íslands.

Fundarstjóri verður Heimir Örn Herbertsson, sérfræðingur við lagadeild HR.

Fundurinn fer fram á íslensku



Sendinefnd ESB
á Íslandi

Salatbar
alltaf ferskur

Meira fljótlegt



Marzetti dressingar

Gæða dressingar frá USA
10 spennandi bragðtegundir

99 kr/stk

Salatbar

Alltaf ferskur

1.799 kr/kg

Pasta og núðlur:

Pasta rautt
Pasta hvítlauks
Farfalle í spínatsósu
Gnocchi í kryddolíu
Pasta með basilpestó
Núðlur í súrsætri
Núðlur með BBQ-oumph

Salat:

Kínakálsblanda

Garðsalat
Spínat

Klettsalat

Grænmeti og ávextir:

Salsa ferskt
Maissalat
Paprikublanda
Gulrætur rifnar
Núðligrænmeti
Kúrbítur í ediklegi

Rauðlaukur saxaður
Baunaspírusalat
Rauðlaukur kryddaður

Spergilkál
Ananas
Melónublanda
Sæt kartöflumús
Sætar kartöflur með guiona
Sætar kartöflur m/spírum
Kartöflusalat m/chilli og

döðlum
Guacamole

Prótein:

Rifinn kjúklingur
Steikt beikon
Kjúklingabaunir kryddaðar
Baunasalat
Krabbasalat
Indverskur hummus
Gúrku- og

kjúklingabaunasalat
Kjúklingabollur í indverskri
sósu
Kjúklingabollur í salsasósu
Túnfiskur í vatni
Kotasæla
Egg soðin
Olívumix í kryddolíu
Brauðteningar
Fetaostur



Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP

Meira
svona
alla daga

Sagðist innblásinn af Anders Breivik

Ástralski hryðjuverka-
maðurinn sem myrti
fimmtíu manns í
mosku á Nýja-Sjálandi á
föstudag vildi hefna 11
ára gamllar stúlku sem
lést í hryðjuverkaárás í
Stokkhólmi árið 2017.

NÝJA-SJÁLAND „Það er hvergi skjól
að finna lengur, hvorki á Íslandi,
í Póllandi, á Nýja-Sjálandi, í Arg-
entínu eða Úkraínu. Hvergi í heim-
inum. Ég veit það, ég hef verið þar.“
Þetta stendur í yfirlýsingu Brentons
Tarrant, ástralska hryðjuverka-
mannsins, sem myrti 50 manns í
mosku í Christchurch á Nýja-Sjá-
landi á föstudaginn og særði aðra
fimmtíu. Yfirlýsinguna sendi hann
til forsætisráðherra Nýja-Sjálands
rétt áður en hann framdi ódæðið.

Ekki hefur fengist staðfest að
maðurinn hafi í raun og veru
komið hingað til lands eins og
hann gefur í skyn í yfirlýsingu
sinni, en amma hans segir í viðtali
við Washington Post að Evrópu-
ferð sem hann fór í árið 2017 hafi
haft mikil áhrif á hann og hann
hafi breyst mjög eftir þá ferð.
Þá hafi fráfall föður hans einnig
haft mikil áhrif á persónu hans.
Á vefbandariska miðilsins er greint
frá því að lögregla á Nýja-Sjálandi
vinni nú að kortlagningu ferða hans
á síðustu árum og leiti að fólki sem
hann gæti hafa hitt og átt samskipti



Nýsjálendingar minnst þeirra sem féllu í fólkskulegri hryðjuverkaárás á föstudag. NORDICPHOTOS/GETTY

við á ferðalögum sínum.

Fyrirspurnum Fréttablaðsins til
alþjóðadeildar ríkislögreglustjóra,
um hjálparbeiðni nýsjálenskra yfir-
valda, hafði ekki verið svarað þegar
Fréttablaðið fór í prentun.

Ekki liggur fyrir hvort Tarrant

var einn að verki eða hvort hann
naut aðstoðar við undirbúning
árásarinnar, en í yfirlýsingu sinni
kveðst Tarrant hafa sótt innblástur
til norska hryðjuverkamannsins
Anders Breivik og lætur þess getið
að hann hafi orðið margs vísari á

ferðalögum sínum um Vestur-Evr-
ópu. Frönsku þingkosningarnar
hafi valdið honum vonbrigðum. Þá
kemur fram að með árásinni hafi
hann viljað hefna 11 ára gamllar
stúlku sem lést í hryðjuverkaárás-
inni í Stokkhólmi árið 2017. Haft er

» Í yfirlýsingu sinni fer
Tarrant einnig fögrum
orðum um Donald Trump,
forseta Bandaríkjanna, og
segir hann endurfædda
sjálfsmynd hvíttra.
Af yfirlýsingunni að dæma
er ljóst að um öfgahægri-
sinnaðan þjóðernissinna er
að ræða.

eftir móður stúlkunnar í sænskum
fjölmiðlum að henni hafi orðið flök-
urt við tíðindin af árásinni.

Sænska samfélagsmiðlastjarnan
PewDiePie hefur einnig þurft að
sverja öfgamanninn af sér, en mað-
urinn sem miðlaði beinni útsend-
ingu af árásinni á internetinu,
hvatti fólk til að fylgja stjórnunni á
samfélagsmiðlum áður en hann hóf
skothröðina.

Í yfirlýsingu sinni fer Tarrant
einnig fögrum orðum um Donald
Trump, forseta Bandaríkjanna,
og segir hann endurfædda sjálfs-
mynd hvíttra. Af yfirlýsingunni að
dæma er ljóst að um öfgahægri-
sinnaðan þjóðernissinna er að
ræða en málflutningur hans miðar
að því að stöðva þurfi múslima
sem séu að taka yfir vestræn
samfélög og útrýma hvítu fólki.
adalheidur@frettabladid.is

Vinsæll bíll á einstöku verði



RENAULT
Passion for life



Renault Captur Intens

Sjálfskiptur, dísil.

TILBOÐSVERÐ: 3.390.000 kr.

Verð áður 3.650.000 kr.

Snaggaralegur og fallegur kostagripur. 1500cc dísilvél,
112 hestöfl, eyðsla aðeins 3,8 l/100 km í blönduðum akstri.*



AFSLÁTTUR
260.000 KR.

KAUPAUKI
VETRARDEKK

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

BL



Way of Life!

SWIFT, VERÐLAUNABÍLL Í SÉRFLOKKI!

Suzuki Swift var valinn bíll ársins í flokki smærri fólksbíla, fékk gullverðlaun í „Grand Prix Auto Environment“ í Frakklandi ásamt fleiri verðlaunum og viðurkenningum.



Suzuki Swift hefur frábæra akstursegginlega og er með nýjum, kraftmiklum og einstaklega sparneytnum vélum.

Suzuki Swift er fánlegur sjálfskiptur, beinskiptur og einnig fjórhjóladrifinn.

VERÐ FRÁ KR.

2.390.000

Það er alltaf Suzuki veður!



● Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

Seinna



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Ekki er ýkja langt síðan þeir einstaklingar sem töluðu máli umhverfisverndar og skilgreindu sig sem andstæðinga virkjana voru stimplaðir sem afturhaldssinnar sem væru á móti framförum og atvinnuuppbyggingu. Þetta sama fólk fann fyrir greinilegri andúð í sinn garð, jafnvel fyrir litningu, og sjálfsgagt þótti að hæðast að því enda þótti það ekki ganga í takt við sam-tímann. Nú eru viðhorfin að mestu breytt. Langflestum er orðið ljóst að maðurinn hefur gengið svo röklegga fram við að raska náttúrunni og menga umhverfi sitt að stórkostleg hættu staðar að lífi á jörðinni.

Ríkisstjórnir heims telja sig þó margar vera að bregðast við vandanum og eru með alls kyns áætlanir á þróunum. Meinið er að þær áætlanir takmarkast við litil skref sem eiga að skila einhverjum árangri einhvern tímann seinna. Mannkynið er einfaldlega svo latt að það nennir ekki að taka strax þau stóru skref sem þarf eigi að takast að vernda jörðina og líf á henni. Viðvörundarljósin blikka. Á dögnum birtist til dæmis ný rannsókn vísindamanna sem sýnir að rúmlega 1.200 dýrategundir um allan heim eiga á hættu að deyja út. Ætli mannkynið að lulla áfram á sama hægagangi og áður í áhugaleysi sínu á náttúruvernd verður þessum tegundum ekki bjargað.

Einn helsti og einlægasti talsmaður umhverfisverndar hér á landi er rithöfundurinn Andri Snær Magnason, sem sannarlega hefur fengið yfir sig töluverðan slatta af svívirðingum og skömmum fyrir þá baráttu sína. Nýlega gerði hann Parísarsáttmálann að umtalsefni í sjónvarpsþætti og það markmið sáttmálans að halda hnattrænni hlýnun undir tveimur gráðum. Hann segir að þessi viðmið skili engu nema frekari hörmungum. „Ef við náum 1,5 gráðum en ekki tveimur þá deyrja ekki nema 90 prósent af kóralrifjunum,“ sagði hann og bætti kaldhæðnislega við: „Já, frábært. Ekki nema 90 prósent, stefnum að því!“

Það er vissulega betra að bjarga einhverju en engu en björgunarleiðangur leiðtoga heims verður ekki flokkadur öðru vísi en æði máttleysilegur. Um leið er ljóst að engin ástæða er til bjartsýni varðandi hinar 1.200 dýrategundir sem munu vísast deyja drottin sínum og sjást ei meir.

Á sama tíma og leiðtogar heims eru að bregðast er æska heimsins í kapphlaupi við tímann. Hún skrópar í skólanum og krefst aðgerða til að bjarga náttúru og lífi. „Ekki seinna, heldur strax,“ segir æskan. Ríkisstjórnir og skólafyrirvöld hafa víða sent henni þau skilaboð að halda sig í skólanum í stað þess að hafa of mikið af sjálfstæðum skoðunum. Æskan hlustar blessunarlega ekki á það enda eiga ungmenni ekki að eyða alltof miklum tíma í skólanum. Skólastofur virka alltof oft á unga og skapandi einstaklinga eins og niðurdrepandi geymslufstofnanir. Æskan hefur þarfari hlutum að gegna, eins og því að gera tilraun til að bjarga heiminum.

Því miður virðist ekkert benda til að æskunni verði að ósk sinni og ráðamenn gripi til aðgerða strax, þær eiga að verða seinna. Þetta „seinna“ kemur örugglega of seint.



Þetta sama fólk fann fyrir greinilegri andúð í sinn garð, jafnvel fyrir litningu, og sjálfsgagt þótti að hæðast að því enda þótti það ekki ganga í takt við sam-tímann.

Halldór



Frá degi til dags

Í hjarta Framsóknar Flokksstjórnarfundur Samfylkingarinnar fór fram um helgina með tilheyrandi dagskrá. Að þessu sinni þurfti flokksfólk að leggja leið sína í fallegasta dal landsins, Norðurárdal í Borgarfirði, en fundurinn fór fram á Bifröst. Einhvern tímann hefði það þótt tíðindum sæta að jafnaðarmannaflokkur landsins héldi slíkan fund á stað sem skipar svo ríkan sess í sögu samvinnustefnunnar. Ekki nóg með að fundurinn færi fram á Bifröst heldur ber fundarsalurinn heitið Hrifla. Rúsinan í pylsuendanum hefði að sjálfsgöðu verið ef formaðurinn hétí Jónas en ekki Logi.

Engin gúrkutið Dómur MDE í liðinni viku og afsógn dómsmálaráðherra voru eðli málsins samkvæmt fyrirferðarmikil í fréttum. Það þýddi hins vegar að önnur mál lentu undir í baráttunni um athygli neytenda fjölmiðla. Bankaráð Íslands- og Landbanka hefðu eflaust kosið að lækkun á launum stjóra beggja banka hefðu flogið hærra og sömu sögu er að segja af atkvæðagreiðslum VR. Sjávarútvegsráðherra ákvað á móti að lauma í gegn eins og einu frumvarpi um kvótasetningu á makríl og stjórnendur Íslandspósts fagna vafalaust hve litla athygli slæm afkoma fyrir-tækisins fékk.

joli@frettabladid.is

Er mennt máttur?



Gunnar Alexander Ólafsson
heilsuhagfræðingur

Það hefur verið almenn skoðun á Íslandi að menntun borgi sig, bæði fyrir einstaklinginn og samfélagið. Menntun er talin auka verðmætasköpun, framleiðslu og um leið almenna velmegun í samfélaginu. Hvað einstaklinginn snertir eykur menntun möguleika á vinnumarkaði. Það er spurning um hvort aukin menntun leiði til hærri tekna á Íslandi. Bent hefur verið á að háskólamenntun leiðir til einherrar launahækkunar en ekki svo að hún borgi sig fjárhagslega. Langflestir sem stunda og hafa klárað háskólanám taka námslán til að framfleyta sér á meðan á námi stendur. Almenna reglan er að fólk byrjar að greiða af námslánum tveimur árum eftir námslok. Þeir sem greiða afborganir af námslánum mega búast við því að greiða ein útborguð mánaðarlaun á ári í afborganir og vexti þar sem afborganirnar eru tekju- tengdar.

Það getur verið þungur baggi að bera fyrir ungt fólk sem hefur verið nokkrum árum í háskólanám, að skulda milljónir í námslán og hefja endurgreiðslur sem samsvara einum útborguðum mánaðarlaunum á ári. Þetta sama fólk er oft í „pakkanum“, það er að koma sér upp hús-næði, eignast börn og vinnur langan vinnudag. Að skulda námslán getur dregið úr möguleikum fólks á að standast greiðslumat vegna fasteignakaupa.

Ég legg því til að fólk sem borgar afborganir af námslánum fái að draga þær greiðslur að hluta til eða að öllu leyti frá skatti. Ég tel þetta fyrirkomulag auðvelda til muna fólki að eignast þak yfir höfuðið og það hvetur einnig ungt fólk í frekara nám sem kemur öllu samfélaginu til góða. Fyrir mér er þetta réttlætismál, að létta undir með ungu fólki sem er að nýta sína þekkingu samfélaginu til góða.

Því skora ég á stéttarfélag, þó sérstaklega BHM, að fara fram á að afborganir af námslánum verði frádráttarbærar frá skatti.



Ég legg því til að fólk sem borgar afborganir af námslánum fái að draga þær greiðslur að hluta til eða að öllu leyti frá skatti

M18 FUEL
M18 FLAG
Aluöru slípirokkur frá Milwaukee

Fyrsti stóri slípirokkurinn knúinn af einni rafhlöðu sem skilar affi til þess að slípa, er léttari en snúrurökkur í sinni stærð.

Sveigjanlegt rafhlöðukerfi sem virkar með öllum Milwaukee® M18™ rafhlöðum.

Verð 136.900 kr. (með rafhlöðu)

VERKFÆRA SALAN

Breiða sáttin

Í DAG



Guðmundur Steingrímsson



Breiða sáttin átti væntanlega að ná út í Þjóðfélagið. Það er ekki að sjá. Þvert á móti virðist ríkja mjög breitt ósætti.

Þegar ríkisstjórnin var mynduð var mikið talað um það af forsprökkum hennar að skapa ætti breiða sátt. Um væri að ræða ákaflega ólíka flokka og því heyrði það til mikilla tímamóta að þeir skyldu hafa ákveðið að slíðra sverðin og starfa saman pólanna á milli, eins og kallað var.

Það er merkilegt hvað lítið hefur orðið úr þessari breiðu sátt. Katrín virðist kannski sátt við Bjarna og Svandís við Sigurð. Það er gott og blessað. Fólkið er ekki að munnhöggt á þingi, eins og það væri væntanlega að gera núna ef það væri ekki saman í ríkisstjórn. Svo langt nær sáttin. En hún nær ekki mikið lengra.

Mótmæli úti um allt

Breiða sáttin átti væntanlega að ná út í Þjóðfélagið. Það er ekki að sjá. Þvert á móti virðist ríkja mjög breitt ósætti. Hælisleitendur mótmæla á degi hverjum. Verkafólk er í baráttuhug og mundar verkfallsvopnið af áður óþekktri löngun, líkt og ósættið hafi soðið undir um árabíl og sé loks að gjósa upp. Grunnskólanemar skröpa í skólum

á föstudögum og fjölmenna niður í bæ til að mótmæla þeirri alvarlegu staðreynd að mannkynið er að kæfa sig sjálf í gróðurhúsalofttegundum og framtíðarútlit unga fólksins því vægast sagt dökkt. Sátt að segja veit ég ekki almennilega hvort það sé hægt að finna beinlínis manneskju á Íslandi í dag sem er sátt. Hinn gláði Íslendingur er vandfundinn. Manni líður stundum eins og sá síðasti hressi á opinberum vettvangi hafi verið Hemmi Gunn.

Vont einkenni

Þetta er bagalegt einkenni á samfélagi. Sérstaklega forríku örsamfélagi norður í hafsauga. Það ætti að vera hægt að skapa nokkuð umfangsmikla sátt meðal hinna sárafaú íbúa með réttum áherslum og aðferðum. Það fer mikil orka í það að vera ósáttur. Dæs er orkusuga. Maður vill treysta samfélagi sínu. Maður vill búa í samfélagi þar sem málefnum hælisleitenda er sinnt af manni og víðsýni,



en ekki piparúða. Maður vill tilheyra þjóðfélagi sem lítur á það sem frumskyldu að sjá til þess að vinnandi fólk geti lifað af launum sínum. Maður vill tilheyra þjóð sem er í fararbroddi í umhverfismálum og setur allt kapp á að vera öðrum þjóðum fordæmi. Ég gleymi því ekki þegar ég sat á þingi og nýkrýndur forsætisráðherra ákvað að yta metnaðarfullum, og áður samþykktum tillögum um uppbyggingu græns hagkerfis á Íslandi til hliðar og setja fjármagnid í varðveislu torfbæja. Í ræðu sinni sagði hann að fátt væri grænna en torfbæir.

Hvað og hvernig?

Það er þetta sem ég á við. Augljósum kröfum tímans er mætt með skætingi. Deilur eru dyggð. Hungri er mætt með hagtölum. Neyð með kylfum. Dómur mann-

réttindadómstóls, sem hefur það hlutverk að vernda borgarana gegn valdmiklum stjórnvöldum sem ætíð hafa tilhneigingu til að misnota stöðu sína, er mætt með hundshaus. Spurningamerki reist við niðurstöðuna. Lítið um auðmýkt.

Hvernig verður meiri sátt til? Jú, ég held að hún verði til dæmis sköpuð með því að ríkisstjórn sem sagðist ætla að skapa meiri sátt fari að íhuga af meiri þunga og alvöru hvernig hún geti náð því markmiði sínu. Eitt held ég að geti verið leiðarljós í þeirri vinnu:

Að hlusta. Til að gera eitt-hvað af viti þarf að skilja og til að skilja þarf að hlusta. Hlusta á tif tíðarandans. Hlusta á fólk falla í fátæktargildirur. Hlusta á einstaklinga flýja til Íslands og mygla úr afskiptaleysi á Ásbrú. Hlusta á leiðann sem gripur um sig þegar

ákvarðanir eru ekki réttar, þegar viðbrögð eru röng. Hlusta á vonbrigðin sem aðgerðarleysi getur valdið og særindin sem aðgerðir geta valdið. Hlusta á áhyggjur annarra. Hlusta á jörðina hitna. Hlusta á framtíðina versna.


Þjóðfélagshvísari

Góð stjórnmalamanneskja er eins og þjóðfélagshvísari. Hún horfir. Hún heyrir. Hún rýnir í. Hún leitar eftir. Hún trúir því líka — og þetta er erfitt á stundum — að innan um allan orðaflauminn, skoðanirnar, hrópin, köllin, jafnvel hatrið, birtist ætíð um síðir ákvörðun sem er kristaltær í sannleika sínum. Setningar verða til, aðgerðir verða til og þær eru góðar af einni og aðeins einni ástæðu: Þær gera heiminn betri, núna og til framtíðar. Þær auka sátt.

Ég held að fólk á þingi hafi mismikla trú á því að þetta sé hægt. Ég gruna suma um að skeyta litlu um svona markmið. Á sumum bæjum virðist tilgangurinn fremur að halda völdum og skipta gæðum. Ég veit þó líka hitt, að á meðal forystufólks þjóðarinnar eru manneskjur sem vita vel að markmið stjórnmála er æðra og merkilegra en stundargróði fátæðra eða gæsla úreltra hagsmuna. Það veit vel að stjórnmál geta verið ægífögur. Staðreyndin er hins vegar sú að margt af þessu fólki er upptekið þessa stundina við að halda saman ríkisstjórn hinar breiðu sáttar á meðan þjóðfélagið logar í ósætti. Það kalla ég rangan fókus.

Beltone Trust™

Hlustaðu á hjartað þitt



Beltone Trust™ heyrnartækin gera þér kleift að heyra jafnvel minnstu smáatriði – sem stundum reynast þau mikilvægustu. Við hjá Heyrnarstöðinni leggjum allan okkar metnað í að veita góða þjónustu og bjóða upp á hágæða heyrnartæki. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyra.is

HEYRNARSTÖÐIN





ÚRVAL ÚTSÝN

SÓLARSTRENDUR MIÐJARÐARHAFSINS

VERÐ FRÁ
89.900 KR.

Úrval Útsýn leggur metnað í að bjóða upp á nýja áfangastaði fyrir alla þá ferðalanga sem ár eftir ár kjósa að eyða sumarfríinu með okkur víða um heim. Í sumar bætast við tveir sólarstaðir við Miðjarðarhafið, sem báðir hafa tekið stórt stökk fram á við í þjónustu við sólþyrsta ferðamenn. Þessir spennandi áfangastaðir eru ólíkir en bjóða báðir spennandi menningu, frábærar strendur, hreinan sjó, fjölbreytta afþreyingu, og úrval gistaða.

TYRKLAND MARMARIS OG BODRUM

Tyrkland hefur slegið í gegn hjá Íslendingum líkt og öðrum íbúum Evrópu. Árum saman hafa Norðurlandabúar streymt suður til Tyrklands til þess að njóta sólar og skemmtunar á fegurstu ströndum Miðjarðarhafsins.



HOTEL ELEGANCE ★★★★★ MARMARIS

2.-10. JÚNÍ 8 NÆTUR
Tvíbýli ALLT INNIFALIÐ

VERÐ FRÁ 129.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn.
Verð frá 158.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

GODDESS OF BODRUM ISIS HOTEL ★★★★★ BODRUM

2.-10. JÚNÍ 8 NÆTUR
Tvíbýli með sjávarsýn ALLT INNIFALIÐ

VERÐ FRÁ 123.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 156.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

FORUM RESIDENCE ★★★★★ MARMARIS

20. JÚNÍ – 1. JÚLÍ 11 NÆTUR
Tvíbýli með morgunverði

VERÐ FRÁ 94.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 118.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

GRAND CETTIA ★★★★★ MARMARIS

1.-11. JÚLÍ 10 NÆTUR
Tvíbýli ALLT INNIFALIÐ

VERÐ FRÁ 146.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn.
Verð frá 180.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

FIDAN APARTMENTS ★★ MARMARIS

1.-12. ÁGÚST 11 NÆTUR
Íbúð með einu svefnherbergi

VERÐ FRÁ 111.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 142.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

LALILA BLUE SUITES ★★★★★ MARMARIS

22. ÁGÚST – 2. SEPTEMBER 11 NÆTUR
Tvíbýli ALLT INNIFALIÐ

VERÐ FRÁ 199.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn.
Verð frá 225.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

CANDAN APARTMENTS ★★ MARMARIS

2.-12. SEPTEMBER 10 NÆTUR
Íbúð með einu svefnherbergi

VERÐ FRÁ 89.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 107.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

Innifalið í verði er flug, gisting, flugvallaskattar, ferðataska og handfarangur.



Verð eru birt með fyrirvara um prentviltur og stafrængi.

COSTA BRAVA

LLORET DE MAR, TOSSA DE MAR,
PINEDA DE MAR, BLANES

Costa Brava svæðið býður upp á fallegar og snyrtilegar strendur en auðvelt er að sameina strönd og borgarferð til Barcelona á þessum vinsæla áfangastað.

GUITART GOLD CENTRAL AQUA RESORT **** LLORET DE MAR



30. MAÍ – 8 JÚNÍ 9 NÆTUR
Tvíbýli gold með morgunverði

VERÐ FRÁ **92.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 111.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

GOLDEN BAHIA DE TOSSA **** TOSSA DE MAR



20.–29. JÚNÍ 9 NÆTUR
Tvíbýli með sundlaugarsýn og hálfu fæði

VERÐ FRÁ **144.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 182.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

GHT OASIS PARK & SPA **** LLORET DE MAR



1.–10. ÁGÚST 9 NÆTUR
Junior svíta

VERÐ FRÁ **148.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 227.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

GOLDEN TAURUS AQUAPARK **** PINEDA DE MAR



15.–24. ÁGÚST 9 NÆTUR
Tvíbýli með hálfu fæði

VERÐ FRÁ **176.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn.
Verð frá 199.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

SJÁÐU MEIRA Á URVALUTSYN.IS

TALAÐU VIÐ FERÐARÁÐGJAFNA
Í SÍMA 585 4000

LEIÐ

MÁNUDAGUR 18. MARS 2019

Matur



Mathöll Höfða opnar á föstudag

Ný veitingahúsaparadís, Mathöll Höfða, verður opnuð á föstudag, 22. mars, í gamla Hampiðjuhúsinu að Bildshöfða 9. Heilmikil starfsemi er í húsinu, meðal annars stærsta heilsugæsla landsins ásamt Heilsuborg og fleiri góðum fyrirtækjum. ➔2

Sólveig Guðmundsdóttir og Steingerður Þorgilsdóttir eru eigendur að Mathöll Höfða í Bildshöfða 9. MYND/SIGTRYGGUR ARI

OPIÐ HÚS 19. mars 2019



KVENNASKÓLINN
Í REYKJAVÍK



MIDBÆJARSKÓLINN



AÐALBYGGING



UPPSALIÐ

Þriðjudaginn 19. mars nk. verður opið hús í Kvennaskólanum í Reykjavík fyrir 10. bekkina og forráðamenn þeirra frá kl. 17:00 til 18:30.

Kynnt verður námsframboð, félagslíf og fleira.

Þá gefst einnig tækifæri til að skoða húsnæði skólans að Fríkirkjuvegi 9 (Aðalbyggingu), Fríkirkjuvegi 1 (Miðbæjarskóla) og í Þingholtsstræti 37 (Uppsali).

Verið velkomin
skólameistari



Starfsfólkið fyrir utan Mathöll Höfða á Bildshöfða þar sem allt er búið að vera á fullu við undirbúning fyrir opnunina á föstudag. Allir gláðir og ánægðir með vel unnið verk. MYND/SIGTRYGGUR ARI

Steingerður Þorgilsdóttir, annar eigandi Mathallar Höfða, segir að um næstu helgi verði mikið um að vera í húsinu. „Við verðum með heilmiklar uppkomur alla opunarhelgina. Það verður boðið upp á eitthvað fyrir alla, lifandi tónlist og margt fleira. Fyrir krakkana verður alls konar skemmtilegt og má til dæmis nefna að töframaður kemur í heimsókn. Umfram allt verður boðið upp á dýrindis mat og verða dúndur opnunartilboð alla helgina,“ segir hún. Meðeigandi Steingerðar er Sólveig Guðmundsdóttir en þær hafa rekið veitingahúsið Culiacan undanfarnin ár við góðan orðstír.

„Í Mathöllinni verður skemmtileg blanda af átta veitingastöðum, ýmist alveg nýjum á markaði en einnig sem hafa nú þegar skipað sér góðan sess á veitingamarkaðnum. Þar má nefna Culiacan sem býður upp á mexíkóskan mat, Hipstur sem sérhæfir sig í skandinavískum mat, Sætir Snúðar ætla að bjóða upp á glóðvolga snúða og hágæða kaffi, Flatbakan verður með sínar rómuðu súrdeigspitsur, Svangi Mangi býður upp á íslenskan heimilismat, Indican verður með indverska rétti, Gastrotruck með sína sívinsælu hamborgara og svo Wok On með asíska rétti. Beljandi Brugghús verður síðan með kraftbjór og aðra drykki á kvöldin og um helgar þannig að úr nægu er að velja fyrir alla matgæðinga,“ segir Steingerður.

Áhugi var mikill fyrir mathöllinni hjá veitingamönnum. „Við fengum strax fullt af umsóknum og áttum fullt í fangi með að velja úr þeim,“ greinir Steingerður frá og bætir við að margar skemmtilegar hugmyndir hafi borist. „Við vorum strax ákveðnar í að fara af

stað með Mathöll sem kæmi með eitthvað nýtt í bland við veitingastaði sem væru búnir að sanna sig á markaðnum. Við vildum bjóða upp á fjölbreytni og helst frá sem flestum heimshornum sem við verðum að segja að hafi tekist nokkuð vel,“ segir hún.

„Í Mathöllinni verður indverskt, ítalskt, mexíkóskt, skandinavískt, asískt og svo auðvitað íslenskt í boði. Þá verður einnig kaffibás og heitir snúðar alla daga ásamt því sem boðið verður upp á kraftbjór.“

Steingerður og Sólveig fengu hugmynd að mathöllinni fyrir hálfu ári. „Málið var að við vorum að leita okkur að húsnæði fyrir Culiacan og vorum búnar að hafa augastað á húsnæði á Höfðanum. Svo áskotnaðist okkur þetta ágæta húsnæði sem var í raun fullstórt fyrir einn veitingastað og þá kviknaði sú hugmynd sem úr varð Mathöll. Það tekur svo sannarlega tíma að koma svona verkefni á koppinn og eru ansi margar hendur sem koma að þessu verkefni með einum eða öðrum hætti. Í allri þessari uppbyggingu hefur ríkt mikil gleði og kátina um leið og mathöllin hefur verið að fæðast.“

Reykjavíkurborg kemur ekki að þessari hugmynd þar sem Mathöll Höfða er að öllu leyti fjármögnuð af Steingerði og Sólveigu. Þær fengu enga styrki eða annað slíkt frá borginni. Mathöll Höfða er þess vegna einkaframtak tveggja reynslubolta úr veitingageiranum.

